

Egill Skallagrímsson

LJÓÐASÝNING

KJARVALSSTAÐIR

10. ágúst - 11. september 1994

Egils saga rekur ævi Egils Skallagrímssonar. Sagan rís hæst í þeim kveðskap sem eignaður er hinni stríðlunduðu hetju. Egill er sagður uppi á tíundu öld, heiðinn maður, en þó prímsigndur á enskri grundu. Hann orti dróttkvæðnar vísur sem eru með glæsilegustum skáldskap af þeim meiði. Sú bragarlist var flókin og fólu skáldin merkinguna í torskildum kenningum og orðaflækjum. Vísa varð ekki skilin nema ratað væri um völundarhús heiðinnar goðafræði og flókið líkingamál ráðið.

Í lengri kvæðum Egils skilur skáldið við sig hinn dýra brag og yrkir undir einfaldari háttum. Sonatorrek er fegurst þeirra, ort eftir dauða tveggja sona Egils, Böðvars og Gunnars.

List dróttkvæða er framandi nútímanninum. Við verðum að læra að ferðast um nýjan myndheim, gefa okkur á vald hinni einkennilega heillandi hrynjandi - og hrifast.

Síþögla gaf söglum:

Egill þrevetra þakkar afa sínum bragarlaunin

Hagr sárgagls hirðimeiðr gaf söglum Agli þríða síþögla brimrótar gagra við hróðri og borðvallar blakka kennimeiðr sá er kunni gleðja Egil, gaffjorða, bekkþiðurs kjörbeð.

sárgagls hirðimeiðr: hermaður (*sárgaglk* hræfugl); *hirðimeiðr sárgagls:* maður sem hirðir (elur) hræfuglinn, þ.e. hermaður eða vígamaður).
sögulk: orðhvatur, mælskur.

gagar brimrótar: kuðungur (*gagar* (hundur) sem kemur upp úr *brimrótinu* (ofsabrimi eða e.t.v. sjávarbotni) gæti því verið líking fyrir kuðung).

við hróðri: fyrir kvæði.

borðvallar blakka kennimeiðr: sæfari (*blakkr* (hestur)) *borðvallar* (skipagrundar, þ.e. sjávar): skip; *kennimeiðr* skips (sá sem er kunnugur skipi) er sæfari).

fjorða: fjórða gripinn.

bekkþiðurs kjörbeð: andaregg (*bekkþiður* (lækjar-orri)): önd; *kjörbeðr* (eftirlætishvíla) andarinnar er egg).

Langt þykir mér:

Egill fótfúinn og sjónlaus yrkir í elli sinni

Mér þykir langt, ligg eg einn saman, karl afgamall á konungs vörnum, eignum tvær allkalðar ekkjur en þær konur þurfa blossa.

mér þykir langt: mér leiðist.

konungs varnir: óljóst. Ein tilgátan er sú að Egill yrki hér *ofljóst*, þ.e. að varnir konungs séu menn hans, en menn heita líka *dúnnr*. Egill liggar því á dúni í rúmi sínu.

ekkja: kona. Ein skýringartilgátan er sú að Egill yrki hér einnig *ofljóst*, því að *ekkja* getur merkt hæll; þ.e. að Egill kvarti yfir fótkulda.

blossi: hiti.

Knáttu hvarms af harmi:

Egill yrkir þegar Englandskonungur færir honum silfur í bætur eftir fall Þórólfs, bróður hans

Hvarms hnúpgnípur knáttu drúpa mér af harmi, nú fann eg þann er rétti þær ennis ósléttur; gramr hefr um hrundið grímu grundar gerðihömrum upp af augum mér, sá er til ýgr armsíma.

hvarms hnúpgnípur: augabréunirnar (*gnípur* sem slúta fram yfir hvarmana (*augnlokin*)).

knáttu drúpa: drúptu (*knáttu* táknað aðeins þátíð).

grímu grundar gerðihamrar: augabréunirnar (*grund* (land) *grímu*: andlitið; *gerði-* (girðandi) *hamrar* andlitsins eru augabréunirnar).

til ýgr armsíma: of grimmur á gullið, mjög örlátur (*ýgr* (grimmur); *sími* (band) handarinnar: armband, gull).

Ókynni venst, ennis:

Egill yrkir mansöng um Ásgerði, ekkju Þórólfs

*Haukaklifs Hlin venst ókynni; eg þorði ungr forðum vel að hefja
ennis þvergnípur mínar; verð eg brátt hváta brúna miðstalli i feld, þá
er berg-Óneris foldar faldr kemr skaldi i hug.*

Haukaklifs Hlin: konan (*klif hauks* (hönd); handar *Hlin* er kvenkennung og vísar til Ásgerðar).

ókynni: fálæti.

ennis þvergnípur: augabréunirnar (þverhamrar ennisins eru augabréunirnar).

hváta: stinga.

brúna miðstallr: nefið (stallurinn milli brúnanna er nefið).

berg-Óneris foldar faldr: Ásgerður (Egill felur í þessari kenningu nafn Ásgerðar: *Berg-Ónerir* er jötunn, og *fold* (land) jötunsins er fjall eða ás; *faldr* er höfuðbúnaðurinn, en meðal heita á höfuðdúki virðist vera *gerða*: *ásgerða* er nægilega ljós kenning fyrir Ásgerðr).

Gekk, sá er óðist ekki:

Egill yrkir eftir fall Þórólfss, bróður síns

Jarlmanns bani sá er óðist ekki, gekk snarla í stórum þundar gný, preklundaðr Þórólfr féll; jörð grær of mínum ágætum barma nær Vinu, það er helnauð, en vér verðum hylja harm.

óðist: óttaðist.

snarla: rösklega.

þundar gnýr: bardagi (*gnýr þundar* (Óðins) er bardagi).
barma: bróðir.

Sonatorrek:

Egill yrkir erfikvæði eftir syni sína

visur 4-7

sem hræbarnar blinnar marka: ekki hefur tekist að skýra þessar línum.

karskr: glaður.

hrer: lík (merkir dauði í næstu vísu).

um: merkingarlaust uppfylliorð (einnig svo í öðrum vísum Egils).

*mærðar timbr: yrkisefni (*timbr* (efniviður) mærðar (kvæðis): yrkisefni).*

orðhof: helgidómur orðanna; andagift skáldsins eða höfuð þess.

vörum: var mér.

hrönn: alda.

Rán: sjór (*Rán: sjávargyðjan*).

ryskja um: leika grátt.

snaran: hér vantar orð í handriti og er *snaran* tilgáta fræðimanna.

visur 22-5

geirs drottinn: Óðinn.

vinátt vagna rúni: ekki hefur tekist að skýra þessi vísuord svo öruggt sé.

sigrhöfundr: Óðinn.

blótka: ég blóta ekki.

Vilis bróðir: Óðinn.

Míms vinr: Óðinn.

gáfumk: gaf mér.

íþrótt vammi firrð: skáldskaparíþróttin.

úlfs bági: Óðinn.

Tveggja bága nift: Hel (*bági* (óvinur) *Tveggja* (Óðins): Fenrisúlfurinn; *nift* (systir) úlfsins er Hel).

Pél höggr stórt fyr stáli:

Egill yrkir um siglingu í stormviðri

vandar jötunn: stormur (*jötunn* (óvinur) *vandar* (siglutrés) er stormurinn).

éla meitilk: éljunum er líkt við meitil.

sták: framstafn.

stafnkvígr vegs: sjórinn (*kvígr* (nautkálfur); *stafnkvígr* er skip, og *vegr þess* er sjórinn).

selju gandr: stormurinn (*gandr* (óvinur) *selju* (viðar): stormurinn).

Gestils álfþ: skip (*Gestill* (sækonungur) og *álfþ* hans er skip).

brandr: skrautborðin.